



Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla

Fundargerð.

1. fundur nefndar um skólahúsnæði Kerhólsskóla var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. apríl 2025 kl. 16:00.

Nefndarmenn:

Pétur Thomsen, formaður nefndarinnar og fulltrúi skólanefndar.

Sigrún Hreiðarsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

Örvar Bjarnason, fulltrúi foreldrafélagsins.

Smári Bergmann Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður framkvæmda- og veitunefndar.

Starfsmenn nefndarinnar:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda- og veitna.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Fjóla Steindóra Kristinsdóttir.

1. Farið yfir erindisbréf

Formaður fór yfir fyrirliggjandi erindisbréf, markmið og tilgang.

2. Þarfagreining

Farið var yfir þá hluti sem skólastjórnendum finnst vanta í núverandi húsnæði skólans.

Eftirfarandi var nefnt:

- Náttúrufræðistofa.
- Betra pláss fyrir frístund.
- Sérkennslurými.
- Fleiri minni rými.
- Stærri smíðastofu.

Ekki liggur fyrir frekari greining á plássþörf.

3. Núverandi húsnæði.

Teikningar af núverandi húsnæði voru skoðaðar. Stjórnsýsluhús er 658,2 fm, Kerhólsskóli er 1195,8 fm ásamt því að félagsheimili sem nýtt er undir mótuneyti er 130 fm og íþróttahús 275 fm. Nemendafjöldi er 61 í grunnskóladeild og 30 í leikskóladeild. Rætt um nemendafjölda og þróun fram til þessa. Mikil ásókn virðist vera í leikskóladeild og stefnir í fjölgun á næsta ári. Skoðaðir voru möguleikar á teikningum til að nýta núverandi stjórnsýsluhús sem best.

Ragnari falið að senda teikningar af skólanum á nefndina ásamt fermetratölum. Reynt verður að notast við Teams/Sharepoint til að deila gögnum á milli nefndarmanna.



Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla

Nefndin fór í skoðunarferð um skólabygginguna. Gengið var um öll þau rými sem skólinn hefur til umráða, ásamt hæð stjórnsýslunnar. Nefndarmönnum ljóst að miklir möguleikar eru í að nýta pláss betur með öðru skipulagi innanhúss.

Ákveðið að fá hönnuð í að skoða rýmisþörf með nefndinni, bæði leikskóla og grunnskóladeildar. Lagt til að fá kynningu frá Vilborgu og Sigurði í Skarði sem hafa komið að hönnun í Flóaskóla og Þjórskóla.

Sigrúnu falið að afla upplýsinga um hönnuði og koma til formans. Formaður hefur samband og boðar í framhaldinu til kynningarfundar með nefndinni.

4. Fundartími næsta fundar.

Lagt er til að næsti fundur nefndarinnar verði miðvikudaginn 7. maí 2025 klukkan 16:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 18:11.